

# Fundargerð 791. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. nóvember 2011

Árið 2011, föstudaginn 25. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Guðríður Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnlaugur Stefánsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jórunn Einarsdóttir og Oddný Sturludóttir í forföllum Dags B. Eggertssonar.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Gunnlaugur Júlíusson og Guðjón Bragason, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 790. fundar - 1101002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 790. fundar frá 28. október 2011.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Vinnufundir með velferðarráðuneyti - 1111011SA

Lagt fram minnisblað um vinnufund með fulltrúum velferðarráðuneytisins frá 9. nóvember 2011.

Guðríður Arnardóttir og Karl Björnsson gerðu grein fyrir því sem fram fór á fundinum og helstu niðurstöðum hans, en á honum var m.a. rætt um áhrif niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu á sveitarfélögin, breytingar framundan í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þörf fyrir lengingu atvinnuleysisbóta og aukið samstarf ríkis og sveitarfélaga um vinnumarkaðsmál, hugmyndir um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, auk þess sem kynnt var stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2011 til 2014 og ný félagsþjónustuskýrsla sambandsins.

*Í tengslum við 3. lið minnisblaðsins sagði Eiríkur B. Björgvinsson frá fyrsta fundi starfshóps um yfirfærslu þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga. Þar kom m.a. fram að raunhæfara væri að miða við að yfirfærslan komi til framkvæmda á árinu 2014 heldur en 2013.*

### 3. Fjármögnun vinnumarkaðsúrræða og aukins kostnaðar sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar - 1111003SA

Lagt fram minnisblað frá formanni og framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 10. nóvember 2011, til fjárlaganefndar Alþingis og fjármálaráðherra um fjármögnun vinnumarkaðsúrræða og aukins kostnaðar sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar.

*Stjórnin fól formanni og framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins.*

#### 4. Greinargerð um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga - 1111011SA

Lagt fram afrit af bréfi sambandsins, dags. 14. nóvember 2011, til velferðarráðherra með greinargerð um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga ásamt tillögum um mögulega breytingu á félagsþjónustulögum.

*Fram kom að sambandið væntir þess að funda með fulltrúum velferðarráðuneytisins um tillögurnar á næstunni.*

#### 5. Endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins - 1104019SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins, dags. 23. nóvember 2011, um skýrslu forsætisnefndar Alþingis um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá.

*Stjórnin gerir ekki athugasemd við umsögnina.*

Gunnar Einarsson yfirgaf fundinn kl. 13.25 og Karl Björnsson og Gunnlaugur Júlíusson kl. 13.35.

#### 6. Fundargerð skipulagsmálanefndar - 0910016SA

Lögð fram fundargerð 7. fundar skipulagsmálanefndar frá 17. nóvember 2011.

*Stjórnin staðfestir skipun Drífu Kristjánsdóttur, oddvita Bláskógabyggðar, í nefndina í stað Elvu Daggar Þórðardóttur sem beðist hefur lausnar frá setu í nefndinni.*

*Stjórnin ræddi 2. lið fundargerðarinnar, þar sem gerð er grein fyrir áherslum umhverfisráðuneytisins við gerð landsskipulagsstefnu og sjónarmiðum um val á einum aðalfulltrúa og einum áheyrnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu með hliðsjón af þeim áherslum.*

#### 7. Frumvarp um breytingar á grunnskólalögum - 1111014SA

Lögð fram drög, dags. 22. nóvember 2011, að umsögn sambandsins um frumvarp til breytinga á lögum um grunnskóla. Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnnum verði heimilað að stytta vikulegan kennslutíma nemenda í 8.–10. bekk um allt að 200 mínútur, í 5.–7. bekk um allt að 160 mínútur og í 1.–4. bekk um allt að 120 mínútur.

*Stjórnin tekur undir efni umsagnarinnar og væntir þess að málið fái ítarlega og vandaða umfjöllun á Alþingi.*

#### 8. Skipun í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1110011SA

Lagt fram bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 3. október 2011, þar sem óskað er eftir skipun stjórnar sambandsins á tveimur fulltrúum í stjórn stofnunarinnar til næstu fjögurra ára og tveggja varamanna til sama tíma, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Einnig er óskað eftir skipun tveggja endurskoðenda og tveggja varamanna þeirra til næstu fjögurra ára. Að auki er lagt fram minnisblað sambandsins, dags. 23. nóvember 2011, um upplýsingar um skipun í stjórn Innheimtustofnunar.

*Stjórnin gerir ekki athugasemd við að fulltrúar sambandsins í stjórn Innheimtustofnunar verði endurtilnefndir, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem rakin eru í minnisblaðinu. Gengið verður frá skipun varamanna og skoðunarmanna á næsta stjórnarfundum.*

## **9. Kostnaður við vatnasvæðanefndir - 1111028SA**

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 14. nóvember 2011, þar sem því er beint til stjórnar sambandsins að teknað verði upp viðræður við umhverfisráðuneytið um breytingu á ákvæðum reglugerðar nr. 935/2011 um kostnað sem reglugerðin setur yfir á heilbrigðiseftirlitin án þess að tekjustofnar séu jafnframt tryggðir.

*Stjórnin tekur heils hugar undir erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um að ríkið greiði að lágmarki þann kostnað sem hlýst af ferða- og dvalarkostnaði nefndarmanna í vatnasvæðanefndum, sem getur í mörgum tilvikum numið háum fjárhæðum. Um er að ræða verkefni sem ríkið hefur undirgengist á grundvelli EES-samningsins og er með öllu óeðlilegt að kostnaði við framkvæmd þess sé velt yfir á sveitarfélögin án þess að tekjustofnar fylgi þá jafnframt með.*

*Stjórnin felur framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun og vinna að lausn málsins.*

## **10. Endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs - 1008005SA**

Lagðar fram tillögur starfshóps, dags. 23. nóvember 2011, að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

*Umræddar tillögur eru þáttur í heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem unnin er með þátttöku sambandsins, og hafa hlotið ítarlega umfjöllun í ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðs og verið kynntar fyrir sveitarfélögum, nú síðast á ársfundi jöfnunarsjóðs, þar sem fram fór umræða um málið.*

*Stjórn sambandsins hefur haft þá stefnu að fjalla heildstætt um breytingar á því regluverki sem gildir um jöfnunarsjóð og án þess að horfa sérstaklega til áhrifa tillagna á einstök sveitarfélög. Í því ljósi telur stjórnin ekki rétt að hún veiti umsögn um erindi jöfnunarsjóðs.*

## **11. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 1103020SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir frá 16. og 17. fundi samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

*Fram kom ósk um að drög að handbók um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) verði kynnt á næsta fundi stjórnarinnar.*

## **12. Starfshópur um úrræði fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum - 1110043SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 2. nóvember 2011, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem tilnefnd eru í starfshóp um úrræði fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, sérkennsluráðgjafi grunnskóla hjá fjölskyldudeild Akureyrarkaupstaðar, og Þorstein Þorsteinsson, fv. skólameistari. Það þeirra sem ekki verður valið í starfshópin verður varamaður hins, sbr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

## **13. Gerð landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2012-2024 - 1111001SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 21. nóvember 2011, til

Skipulagsstofnunar þar sem tilnefnd eru í samráðsvettvang um mótun landsskipulagsstefnu Drífa Kristjánsdóttir, oddviti Bláskógabyggðar, Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður í Húnaþingi vestra, Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, Páll Hjaltason, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### **14. Skólavogin 2011 - 1101010SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 1. nóvember 2011, um ákvörðun um samstarfsaðila til framtíðar varðandi mat á skólastarfi.

#### **15. Frumvarp til sviðslistalaga - 1111004SA**

Lagt fram bréf sambandsins, dags. 3. nóvember 2011, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins með ábendingu um frumvarp til sviðslistalaga og skyldur Þjóðleikhússins gagnvart landsbyggðinni.

#### **16. Leiðbeinandi reglur - 1110012SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 31. október 2011, til velferðarráðuneytisins með umsögn um leiðbeinandi reglur skv. 21., 27. og 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

#### **17. Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 1111015SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 15. nóvember 2011, með umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 195. mál.

#### **18. Frumvörp til laga um breytingu á matvælalögum - 1110036SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 14. nóvember 2011, með umsögn um frumvörp til laga um breytingar á matvælalögum, 61. og 138. mál.

#### **19. Lög um mat á umhverfisáhrifum - 1110038SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 16. nóvember 2011, með umsögn um drög að frv. um br. á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

#### **20. Frumvarp til laga um fólks- og farmflutninga á landi - 1111005SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 16. nóvember 2011, með umsögn um frv. um br. á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landinu, 192. mál.

#### **21. Aðalfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga 2011 - 1110024SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var 7. og 8. október 2011.

#### **22. EFTA Sveitarstjórnarvettvangur - 0702515SA**

Lögð fram til kynningar drög að fundargerð 4. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA, dags. 14.–15. nóvember 2011. Einnig lagðar fram tvær ályktanir, til kynningar, sem samþykktar voru á fundinum. Annars vegar ályktun um orkunýtingu og hins vegar um almannaþjónustu.

#### **23. Aukaframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011 - 1110018SA**

Lagt fram til kynningar bréf og drög að reglum frá Innanríkisráðuneytinu, dags.

21. nóvember 2011, þar sem fjallað er um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við þau sveitarfélög sem eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Einnig lagt fram til kynningar svarbréf sambandsins, dags. 23. nóvember 2011.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 16. desember nk.

Fundi var slitið kl. 14:03.

---

Halldór Halldórsson

---

Hanna Birna Kristjánsdóttir

---

Óttarr Ólafur Proppé

---

Guðríður Arnardóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Elín R. Líndal

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Gunnlaugur Stefánsson

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Jórunn Einarsdóttir

---

Oddný Sturludóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari